11. Um Fuglavinafélagið Fönix

1 blað qto. Brot. Vantar upphaf og endir.

stelkurinn, ódinshaninn og adrir smáfuglar. Minnisbækur þeirra, í þessari grein, verda því fródlegar og ábyggilegar skýrslur, sem gaman verdur ad athuga sídarmeir.

Hver drengur fékk sitt eigid fuglabúr til umsjár og vardveislu, svo ad t. d. þrestir, máríuerlur og adrir smáfuglar gátu sest þar ad, orpid þar og ungad út eggjum sínum. Fuglabúr þessi hengdu þeir utan á íbúdarhús manna í bænum, sín eigin eda annara og höfdu mikla ánægju af ad sjá fuglana setjast þar ad og éta ber og korn þad er þeir gáfu þeim.

Eins og ég sagdi ádan, voru drengirnir sjö ad tölu í fyrstu og mér er óhætt ad segja, ad þeir ræktu starf sitt ágætlega, en svo gat þad viljad til ad þeir færu í sveit ad sumrinu til yrdu veikir eda á annan hátt hindradir frá því ad gegna þessu starfi sínu. Til þess nú ad engum degi félli úr, fjölgudum vid þeim og fengum varamenn og nú eru þeir ordnir svo margir ad þar sem ádur var einn drengur til hvers dags eru þeir nú fjórir.

Fyrstu sjö drengirnir voru úrvalsbörn, sem öllum þótti vænt um og allir dádust ad sakir sidprýdi og kurteisi, en nú eru margir drengir í bænum, sem eru svo ódælir, ærslafullir og óknyttasamir ad engir drengir vilja med þeim vera, eldri og yngri menn voru beinlínis hræddir vid þá. Nokkra þessara drengja höfum vid tekid í félagsskapinn med hinum. En hvernig hafa þeir reynst? Mér er óhætt ad segja ad þeir hafa gjörbreyst! Þeir eru jafnskyldurækir sem hinir og nú eru þeir ordnir fyrirmynd annara drengja í því ad hafa lagt nidur öll spell og spillingu sem af þeim stafadi. Ef ég mætti svo ad ordi komast, ad nefna þá sem fyrir voru gódu börnin en hina vondu drengina, þá má nú segja ad þeir séu allir ordnir gódir drengir. Þetta þakka ég því, ad nú hafa þeir allir gott málefni ad vinna fyrir, enda er samvinnan á milli þeirra hin ákjósanlegasta. Þeir keppast hver vid annan ad láta gott eitt af sér leida. Ég vona ad framhald verdi á þessu og þá er ekki til ónýtis unnid.